

# Stjórnarfundur UDN

Haldinn í Tjarnarlundi 6. nóvember kl. 20:30

Mætt voru: Heiðrún Sandra formaður, Jóhanna Sigrún varaformaður, Ingveldur gjaldkeri, Herdís meðstjórnandi, Anna Berglind varamaður og Svana Hrönn framkvæmdastjóri.

- **Samkaupskort**
  - Samkaupskort er komið í hendur framkvæmdastjóra – 41.565 kr.
- **Mót í vetur**
  - Rætt var um mót vetrarins; frjalsar íþróttir, glíma, knattspyrna, fleira? UDN mun greiða skráningargjöld þeirra sem keppa undir merkjum UDN. Athuga að það þarf að skrá á réttum tíma til að UDN greiði skráningargjald. Framkvæmdastjóri auglýsir mót í tölvupósti og á facebooksíðu UDN.
- **Dagatal og fánar**
  - Framkvæmdastjóri er búinn að óska eftir verðum í prentun á dagatali. Einnig er beðið eftir svörum varðandi fána.
- **Sam-Vest**
  - Arnar Eysteinnsson hefur ákveðið að hætta í framkvæmdaráði Sam-Vest. UDN þarf að finna einstakling til að taka við starfi Arnars. Framkvæmdastjóri ætlar að hafa samband við efnilega einstaklinga.
- **Afmæli UDN**
  - Rætt var um afmæli UDN á næsta ári. Ákveðið var að stofna Afmælisnefnd, í henni eru Jóhanna Sigrún, Herdís og Svana og Heiðrún til aðstoðar. Stefnt er að því að hittast í byrjun desember og skipuleggja viðburði. Hugmyndir sem komu voru: formlegt kaffiboð, samstarf við Byggðasafn Dalamanna, mót og að hafa afmælisviku.
- **Formannafundur UDN**
  - Formannafundur UDN verður haldinn n.k. miðvikudag kl. 18 í Rauðakrosshúsinu. Á dagskrá verður: Starfsemi UDN, lög og reglugerðir UDN, afmæli UDN og önnur mál.
  - Eftir fundinn ræða ungmennafélög Dalabyggðar um sameiningu.
- **Laugafjör**
  - Svana sótti um styrk í Æskulýðssjóð undir nafni UDN til að halda Laugafjör fyrir unglunga í Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð. Stefnt er að halda Laugafjör 16.-18. febrúar.

Fundi slitið kl. 22:15

Svana Hrönn Jóhannsdóttir